

Hvert sem leiðin þín liggur
 þá líttu þar hýr—
 þar sem sárdöpur sorgin
 í sinninu býr.
 Sérhvert hugtak og handtak
 sé hlýlegt og þýtt,
 sérhvert orðtak og andtak
 sé ástlegt og blítt.

Það er margt sem að mæðir
 þá mótlætis sál,
 sem alt finst sér ögrí
 sem óslíðrað stál.
 Hér er heimsauðin svo helköld
 sem hafissins gljá
 þeim, sem alls lausir æðrast
 og engin ráð sjá.

Hvert sem leiðin þín liggur,
 þá legðu þeim ráð,
 sem að dauðvona dreymir
 um drottins síns náð;
 gef þeim dug þinn og djörfung
 að dafna sinn þrótt;
 gef þeim söng þinnar sálar
 að syngja burt nótt.

Sérhvert vinarorð vermir
 sem vorsólarljós;
 sérhver greiði og góðvild
 er gæfunnar rós.—
 Hvort sem leiðin þín liggur
 um lönd eða höf,
 gefðu sérhverjum sólskin
 og sumar að gjöf.